

HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR

Stofnar áskriftarklúbb fyrir handavinnufólk

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBYLI OG VIÐHALD

Gagnlegar ábendingar um hönnun alrýma

Sérblað um hífyl og viðhald
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

8. mars 2010 — 56. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Fortíðarbragur á ferðalögum
Ferðafélag Austur-Skaftfellinga verður 30 ára á morgun.
TÍMAMÓT 14

Takk fyrir mig
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir skrifar um alþjóðlegan baráttudag kvenna.
UMRÆÐAN 12

Póker í sjónvarpið
Pókerborð með tíu myndbandsupptökuvélum hefur verið flutt til landsins.
FÓLK 26

Íslandsmet
Helga Margrét Þorsteinsdóttir setti glæsilegt Íslandsmet í fimmþraut í Svíþjóð í gær.
ÍPRÓTTIR 20

VEÐRIÐ Í DAG

Hlýnar í veðri í dag ríka suðlægar áttir, 3-8 m/s NA-til en annars 5-10 m/s. Sunnan- og vestanlands má búast við skúrum en annars staðar á landinu verður heldur skýjað en úrkomulítið.
VEÐUR 4

Óvíst um framhald viðræðna

Stjórnarandstaðan vill leggast á ný yfir samningsmarkmið vegna Icesave í ljósi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Stjórnin vill halda áfram þar sem frá var horfið. Stefnt að því að funda um framhaldið í dag.

STJÓRNMÁL Formenn stjórnarflokka telja að samningaviðræður við Breta og Hollendinga um laus Icesave-málsins eigi að halda áfram þar sem frá var horfið fyrir helgi. Forystumenn stjórnarandstöðunnar segja hins vegar að leggjast þurfi yfir samningsmarkmiðin að nýju í ljósi niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar áður en viðræðurnar geta haldið áfram.

„Það þarf að vera einhver samhljómur hjá mönnum um það hvað er ásættanlegt sem niðurstaða í málinu ef til viðræðna kemur,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. „Það

er ekkert sjálfgefið, eftir þessa þjóðaratkvæðagreiðslu, að menn sjái hlutina með sömu augum.“

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Hreyfingarinnar, tekur í sama streng og segir samningsforstendur gjörbreyttar. „Fyrir mér gerir samninganefndin ekki eitt eða neitt í mínu umboði fyrir en ég er búin að ræða við þetta fólk. Ef samninganefndin á að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist mun ég segja mig frá þessu.“

Steingrímur J. Sigfússon reiknar með því að kalla til formenn allra flokka í dag til viðræðna um framhaldið. Einnig mun hann ræða við

formann íslensku samninganefndarinnar um næstu skref. Þá verður staðan að lokinni atkvæðagreiðslu rædd á þingi í dag.

„Ég tülka orð stjórnarandstöðunnar ekki með þeim hætti að samstaðan um frekari samningaviðræður sé brostin. Ég vil allavega ekki gefa mér það fyrir en á reynir,“ segir Steingrímur. „Við byrjum að sjálfsögðu á því að láta á það reyna hvort ekki verður haldið áfram þar sem frá var horfið. Ég trúir því ekki að menn ætli að hlaupa frá þessu núna því ég sé ekki í grófum dráttum hvers vegna það ætti að vera.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er sama sinnis og segir það nauðsynlegt „að taka sem fyrst upp samningaviðræðurnar þar sem frá var horfið“.

„Nei, ég íhugaði ekki afsögn á neinum tímamarki af alvöru,“ segir Jóhanna um orð Steingríms í útvarpsþættinum Sprengisandi í gær en hann sagðist hafa íhugað afsögn eftir að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, vísaði lögnum til þjóðarinnar í janúar. „Auðvitað kom þetta til tals á milli okkar Steingríms. En hann vill taka slaginn eins og ég.“

- shá, sh / sjá síður 4 og 6



LAND OG STRAND Fiskiskipið Óskar Halldórsson, sem nú er notað sem flutningaskip, strandaði í Hafnarfarðarhöfn um miðjan dag í gær. Skipið festist í leðju en var dregið aftur á flot laust fyrir klukkan 20 í gærkvöldi. Samkvæmt Kristni Aadnegaard, yfirhagsögumanni í höfninni, virðist sem vélarbilun hafi orsakað óhappið, en rannsókn fer fram í dag.

Karl fékk Tékkneska ljónið

KVIKMYNDIR Karl Óskarsson var útnefndur kvikmyndatökumaður ársins á kvikmyndahátíðinni Tékkneska ljóninu sem var haldin í Prag á laugardag. Verðlaunin hlaut hann fyrir töku á myndinni 3 sezony v pekle (Þrjár árstíðir í helvíti), sem **KARL ÓSKARSSON** var frumsýnd í Tékklandi fyrir jól. „Þetta er frekar stór mynd á tékkneskan mælikvarða. Hún var tilnefnd til ellefu ljóna og fékk verðlaun fyrir aðalleik, kvikmyndatöku og hljóð,“ segir Karl.

Á kvikmyndahátíðinni voru veitt verðlaun í þrettán flokkum og þrjár tilnefndir í hverjum. „Það vakti athygli að útlendingar væri á meðal tilnefndra og enn meiri athygli að ég skyldi vinna.“ - ve



ms.is

26% Gouda ostur í kílóastykkjum á tilboði

Forsætisráðherra segir að næsta atkvæðagreiðsla geti orðið um fiskveiðistjórnun: Þjóðaratkvæði um sjávarútveg

SJÁVARÚTVEGSMÁL „Ég tel að næsta skref sé að hugleiða hvort ekki sé rétt að setja fiskveiðistjórnunarmálið næst í þjóðaratkvæðagreiðslu,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

„Það deilumál hefur klofið þjóðina í marga áratugi og ríkisstjórnin hefur einsett sér að leiða þær deilur til lykta. Það færir vel á því að mínu mati, að niðurstaða sáttanefndar-

innar, sem nú er að störfum um málið, yrði lögð fyrir þjóðina.“

Jóhanna telur mikilvægt að búið sé að ryðja brautina fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur almennt og það sé það jákvæða við atkvæðagreiðsluna nú. „Ég býst við að þjóðaratkvæðagreiðslur verði fyrir vikið algengari í framtíðinni og vonandi næst samstaða um það á Alþingi að setja lög um þennan rétt fólks.

Fólkið á að hafa þennan rétt en ekki bara forsetinn. Það má hugleiða að ef fólkið fær þennan rétt í lögum, að forsetinn hefði hann þá ekki.“

Hlutverk sáttanefndar í sjávarútvegi er að endurskoða ýmis ákvæði í fiskveiðistjórnunarkerfinu og stuðla að sátt um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar. Ekki liggur fyrir hvenær nefndin mun skila álitinu.

- shá

-kíktu í pylsu og kók

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL

Kaffirjómi

Frábær út í kaffið og til matargerðar.

Geymslupólin mjólkurvara

ms.is

SPURNING DAGSINS



Jón, var þetta eggjandi frammistaða?

„Það var allavega engum eggjum kastað.“

Jón Svavar Jónsson óperusöngvari fagnaði frumraun sinni með Sinfóníu-hljómshólmi Íslands með því að blanda sér „Eggjasnaps bjarnarins Balú“ upp úr Matriðslubók Mikka Músar.

Endóvikan hefst í dag:

Landspítalinn lýstur gulur

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn verður lýstur upp með gulum ljósum í tilefni endóvikunnar sem hefst í dag en henni er ætlað að vekja athygli á sjúkdómnum sem hrjáir að minnsta kosti 1-2 prósent íslenskra kvenna.

Endómetríósa eða legslímuflakk lýsir sér þannig að slímhúð sem á eingöngu að vera í leginu finnst utan legsins og þá oftast í kviðarholinu. Því fylgja meðal annars miklir verkir, ófrjósemi og oft miklar fjarvistir frá vinnu.

„Samtök kvenna með endómetríósu voru stofnuð árið 2006 og vinna þau meðal annars að stofnun göngudeildar fyrir konur með endómetríósu og aukinni fræðslu um sjúkdóminn. Meðalgreiningartími sjúkdómsins er frá sex og upp í tíu ár og er markmiðið að minnka hann til muna,“ segir Sara Valný Sigurjónsdóttir varaformaður samtakanna. Endóvikunni lýkur með ráðstefnu á Landspítalanum 13. mars.

Manni haldið sofandi:

Þungt haldinn eftir elsdvoða

LÖGREGLUMÁL Karlmanni um sextugt, sem bjargað var meðvitundarlausum úr íbúð sem eldur kom upp í á laugardag, var haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans í gær. Samkvæmt vakthafandi lækni er maðurinn þungt haldinn, en hann fékk mikla reykeitrur og alvarleg brunasár í andliti og á höndum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var maðurinn einn í íbúð sinni við Sóleyjarríma í Grafarvogi þegar eldurinn kom upp. Kalla þurfti til reykkafera til að sækja hann inn í íbúðina. Tildrög brunans liggja ekki fyrir en tæknideild lögreglunnar rannsakaði málið í gær.

Heilbrigðisráðherra ætlar að skoða frjósemismeðferð útlendinga hér á landi:

Kannar hvort biðin hafi lengst

HEILBRIGÐISMÁL Álfheiður Inga-dóttir heilbrigðisráðherra ætlar að kanna hvort bið fólks sem sjúkratryggt er hér á landi eftir frjósemismeðferð hafi lengst vegna aukinnar ásóknar útlendinga í þjónustuna hér á landi.

Íslenska ríkið er með samning við lækna stofuna Art Medica um frjósemismeðferðir. Á síðasta ári fengu tæplega 400 íslensk þör meðferð sem ríkið greiddi fyrir að hluta. Til viðbótar fengu um 150 þör meðferð sem þau greiddu fyrir að fullu án aðkomu ríkisins.



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Þá sem ekki falli undir samninginn við ríkið lengi biðtíma þeirra sem eigi rétt á niðurgreiðslu

frá ríkinu. Það verði kannað á næstunni.

Álfheiður hefur gagnrýnt áform um uppbyggingu einkarekingsjúkrahúss á Reykjanesi. Hún segir reginmun á því að bjóða erlendum ríkisborgurum að nýta sér umframgetu í íslenska heilbrigðiskerfinu og að reisa sérstaklega spítala. Þar með sé verið að koma upp tvöföldu kerfi. Þá sé óásættanlegt að ríkið eigi að kosta endurbætur á sjúkrahúsinu eins og áformað hafi verið.

- bj

Í gæsluvarðhaldi í Danmörku:

Stakk annan Íslending til bana

DANMÖRK Fjórutíu og sjö ára gamall Íslendingur er grunaður um að hafa myrt annan Íslending, 42 ára að aldri, rétt fyrir miðnætti á föstudagskvöld. Hinn látni var stunginn margsinnis í hálsinn með hníf í suðvesturhluta borgarinnar.

Að sögn danska fréttamiðla eru báðir mennirnir óreglumenn og sátu að drykkju eða fíkniefnaneyslu áður en morðið var framíð. Hinn grunaði var í of annarlegu ástandi til að unnt væri að yfirheyra hann strax.

- sh

Nemendur HÍ bestir á lögmannsprófum

Lögfræðingar frá Háskóla Íslands ná mun frekar en lögfræðingar frá öðrum lagadeildum prófum til að fá réttindi héraðsdómslögmannna. Endurspeglar að námskeiðið er framlenging á HÍ, segir forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

MENNTUN Lögfræðingar frá lagadeild Háskóla Íslands skara fram úr lögfræðingum frá öðrum lagadeildum í prófum til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður.

Að beiðni Bjargar Thorarensen, deildarforseta í lagadeild Háskóla Íslands, tók nefnd, sem annast úmsjón með prófum til að öðlast málaflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum, saman upplýsingar um árangur þeirra sem tóku prófin árin 2005 til 2009.

„Þetta staðfestir það sem við höfum sagt; að bæði fræðileg undirstaða og þjálfun sem veitt er hér í lagadeild Háskóla Íslands veiti bestan undirbúning til að standa kröfur lögmannsprófsins og starfa sem lögmennt,“ segir Björg um niðurstöðurnar.

Úr töflu sem prófnefndin tók saman má lesa árangur eftir því úr hvaða lagadeildum próftakarnir komu. Kemur þá í ljós að af 193 sem komu úr Háskóla Íslands náðu 137 eða 71,0 prósent prófunum í fyrstu tilraun. Af 45 lögfræðingum frá Háskólanum í Reykjavík náðu sextán, eða 26,3 prósent, prófunum í fyrstu tilraun. Frá Bifröst náðu fimm af níttján prófunum í fyrstu tilraun. Það svarar til 26,3 prósent. Frá Háskólanum á Akureyri náði enginn af aðeins fjórum sem sátu námskeiðin prófunum í fyrstu atrennu.



Í DÓMSAL LAGANEMA Í HÁSKÓLA ÍSLANDS Deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands segir tölur um árangur í prófum fyrir réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmaður staðfesta að HÍ veiti bestan undirbúning fyrir lögmannsstörf. Forsetar annarra lagadeilda eru ósammála.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

ÁRANGUR Á PRÓFUM TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI HÉRAÐSDÓMSLÖGMANNNS

Skóli	Skráðir	Náðu	Hlutfall
Háskóli Íslands	193	137	71%
Háskólinn í Rvík	45	16	36%
Bifröst	19	5	26%
Háskólinn á Ak.	4	0	0%

Heimild: Prófnefnd Lögmannafélags Íslands.

Bryndís Hlökkversdóttir, deildarforseti lagadeildar á Bifröst, segir fjölda einstaklinga þaðan í gögnum prófnefndarinnar svo lítinn að samburður sé ómarktækur. „Þetta eru of fáir einstaklingar til að hægt sé að draga ályktanir um námið hjá okkur sem slíkt. Ef samburðurinn hefði verið árið 2006 þá hefði Bifröst verið í toppsætinu,“ segir Bryndís og vísar til þess að árið 2006 náðu báðir lögfræðingarnir frá Bifröst

sem þreyttu prófin að standast þau og árangurinn þar með 100 prósent.

Þórður S. Gunnarsson, deildarforseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík, hafnar því algjörlega að gæði námsins þar sé síðri en í Háskóla Íslands. Tölur prófnefndarinnar endurspeglar aðallega gæði námskeiðsins sem í boði sé.

„Það er skoðun okkar að þetta námskeið sé fyrst og fremst framlenging á Háskóla Íslands og hafi verið það í gegnum tíðina. Við höfum ekki átt þess kost að fara yfir þessar upplýsingar en ef þær reynast réttar þá kallar það auðvitað á endurskoðun á námskeiðinu. Upplýsingar sýna að nemendur frá einni lagadeild virðast af einhverri ástæðu fá betri árangur út úr þessu og það verður ekki rakið til námsgetu,“ segir Þórður S. Gunnarsson.

gar@frettabladid.is

Knútur Halls-son látinn

Knútur Hallsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, andaðist föstudaginn 5. mars, 86 ára að aldri.

Eftir nám við MR og Háskóla Íslands nam Knútur hag- og stjórnmunarfræði í Stokkhólmi og síðar í Helsinki og Ljungskile. Hann varð héraðsdómslögmaður árið 1953.

Knútur starfaði í menntamálaráðuneytinu frá 1954, þar af ráðuneytisstjóri frá 1983 til 1993. Einnig sinnti Knútur fjölmörgum nefndarstörfum á vegum ráðuneytisins. Hann varð formaður Kvikmynda-sjóds Íslands frá 1979 til 1990 og hlaut árið 2003 heiðursverðlaun Eddunnar fyrir framlag sitt til kvikmyndamála á Íslandi.

Knútur var kvæntur Ernu Hjaltalín, loftsiglingafræðingi og yfirflugfreyju. Þau áttu einn son og tvö barnabörn.



Líkamsárás í Hveragerði:

Nefbraut mann eftir árshátíð

LÖGREGLUMÁL Maður var handtekinn eftir líkamsárás fyrir utan Hótel Örk í Hveragerði laust fyrir klukkan þrjú í fyrrinótt. Honum var gefið að sök að hafa slegið annan mann í andliti með þeim afleiðingum að sá nefbrotnaði og missti nokkrar tennur.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi voru mennirnir gestir á árshátíð fyrirtækis og báðir nokkuð ölvadóir. Árásarmaðurinn gisti fangageymslur um nóttina og var svo sleppt.

- kg

Verðlaun fyrir blaðamennsku og blaðaljósmyndir voru veitt um helgina:

Tvenn verðlaun til Fréttablaðsins

FJÖLMÍÐLAR Anton Brink Hansen og Valgarður Gíslason, ljósmyndarar Fréttablaðsins, hlutu á laugardaginn verðlaun fyrir bestu ljósmyndir ársins í flokki íþróttamynda og daglegs lífs í blaðaljósmyndarakeppninni Myndir ársins. Myndirnar voru báðar birtar í helgarblaði Fréttablaðsins. Rakel Ósk Sigurðardóttir, ljósmyndari DV, hlaut verðlaun fyrir mynd ársins.

Verðlaun í blaðaljósmyndarakeppninni voru afhent um leið og blaðamannaverðlaun Blaðamannafélags Íslands við athöfn í Gerðarsafni í Kópavogi. Blaðamannaverðlaunin hlaut Jóhann Hauksson, blaðamaður á DV, fyrir fréttaskýringar um stjórnskipti og þjóðfélagsmál. Þórður Snær Júlíusson, Viðskiptablaðinu, fékk verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku en hann skrifaði meðal annars um aflandsfélög, skattaskjól og einkavæðingu bankanna. Verðlaun fyrir bestu umfjöllun ársins hlaut Lóa Pind Aldísardóttir á Stöð 2, fyrir fréttaskýringar um ýmis flókin mál, svo sem fjármál heimilanna og aðild Íslands að ESB. Svavar Hávarðsson, blaðamaður Fréttablaðsins, var tilnefndur til verðlauna fyrir bestu umfjöllun



SIGURVEGARAR Valgarður Gíslason og Anton Brink Hansen, ljósmyndarar Fréttablaðsins, við verðlaunaafhendinguna á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ársins fyrir fréttaskýringaflokk um endurskoðun stjórnskrárinnar.

- kg

Teppalagt tækifæri fyrir stigaganga

533 5060

teppi@stepp.is

Vönduð og slitsterk, þéttofin teppi sem auðvelt er að þrifa

Bjóðum heildarlausnir þegar endurnýja á gólfteppi í stigagöngum í fjölbýlis- og sambýlishúsum. Taktu upp símann eða sendu okkur línu og við göngum í málið.

Stepp

Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · teppi@stepp.is · www.stepp.is

Frábær snertisími á frábæru verði

Snertisími, GPS tæki, net og sjónvarp

Með símkort frá Nova í farsímanum kemstu á netið og getur horft á sjónvarpið. Það kostar ekkert að flytja símanúmerið til Nova. Skiptu núna!

9.990 kr. útborgun

Nokia 5230

Afborgun 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði og 2.000 kr. notkun á mánn. í 12 mánn. fylgir.

33.990 kr./stgr.

2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánn. fylgir!

Gildir í áskrift og frelsi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave




Á KJÖRSTAÐ Tæplega 63 prósent kosningabærra manna greiddu atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ / DANIEL

Íslendingar kolfelldu Icesave-lögin síðari

Icesave-lögin frá því í desember eru fallin úr gildi eftir nær einróma niðurstöðu úr þjóðaratkvæðagreiðslu. Styrkir sennilega samningsstöðu okkar en snerist hins vegar ekki um líf ríkisstjórnarinnar, segir prófessor í stjórnmálafræði.

Icesave-lögunum frá því í desember var á laugardag hafnað með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslunni sem haldin hefur verið á lýðveldistímanum. Rúmlega 62 prósent kosningabærra manna greiddu atkvæði og yfir 93 prósent þeirra merktu við „nei“ á kjörseðlinum.



háð þeim fyrirvara að viðsemjendur Íslendinga, Bretar og Hollendingar, samþykki skilmála Alþingis frá því í september. Bæði ríkin hafa hins vegar lýst því yfir að þau séu ekki tilbúin til þess. Því er enn ósamið um málið.

Fyrir helgi var stefnt að því að íslenska samninganefndin myndi

halda áfram viðræðum við Breta og Hollendinga um nýja samninga strax í þessari viku. Nú kalla stjórnarandstæðingar hins vegar eftir því að samningsmarkmiðin verði endurmetin í ljósi nýrrar stöðu, ella sé samstaðan um viðræðurnar út um þúfur.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir að þótt atkvæðagreiðslan og niðurstaða hennar hafi í raun litlu breytt efnislega, enda hafi þjóðin í raun bara staðið frammi fyrir einum raunhæfum valkosti, þá sé líklegra en ekki að nokkuð góð þátttaka og afgerandi niðurstaða hjálpi Íslendingum í komandi samningaviðræðum. „Sennilega eru þetta skilaboð til viðsemjanda okkar um að það þýði ekkert fyrir íslensku samninganefndina að koma heim með veikan samning,“ segir hann.

Erfitt sé þó að túlka niðurstöðuna sem mikið áfall fyrir ríkisstjórnina. „Ef menn hefðu viljað stilla þessari atkvæðagreiðslu þannig upp að hún snerist um líf ríkisstjórnarinnar, þá hefði þurft að gera það í síðustu viku. Það er hins vegar mjög erfitt að koma með þá túlkun eftir á,“ segir Gunnar Helgi. Í stjórnmálum sé það dæmigerður leikur að túlka allt sem andstæðingurinn lendir í honum í óhag. stigur@frettabladid.is

Bjarni Benediktsson segir Ísinn hafa verið brotinn: Stjórnin stendur tæpt

„Þetta er mjög afgerandi niðurstaða og þetta er líka söguleg þjóðaratkvæðagreiðsla,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. „Ég er ekki í nokkrum vafa um að með henni hefur Ísinn verið brotinn og þjóðin hefur tekið mjög afgerandi afstöðu til þess að hún er reiðubúin að taka þátt og segja hug sinn í stórum málum. Jafnvel þótt forysta ríkisstjórnarinnar hafi talið að hér væri um algera markleysu að ræða var þjóðin á annarri skoðun,“ segir Bjarni.



fara að bera upp vantrauststillögu á ríkisstjórnina, en ég treysti henni ekki til að leysa þau verkefni sem þjóðfélagið kallar eftir.“

Bjarni segir að þjóðstjórn geti ekki komið að gagni nema í mjög stuttan tíma, og að þótt hann mundi ekki setja sig upp á móti þingkosningum fyrr en síðar væri of snemmt að hafa þær samhliða sveitarstjórnarkosningunum nú í vor. -sh

Formaður Framsóknarflokksins vill stjórnina frá: Vill kosningar í vor

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði í viðtölum á sjónvarpsstöðvunum í gær að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar hefði verið skýr og kveðst mjög ánægður með úrslitin.



Sigmundur segir niðurstöðuna lýsa miklu vantrausti á ríkisstjórnina og telur að dagar stjórnarinnar séu taldir. Hann vill að kosið verði til Alþingis í vor, samhliða sveitarstjórnarkosningum. Þangað til muni sitja starfsstjórn allra flokka sem sameinast skuli

um aðgerðir handa heimilunum. Fréttablaðið náði ekki tali af Sigmundi í gær. -sh

Birgitta Jónsdóttir er stolt af þjóðinni: Styrkir umboð okkar

„Ég var bara mjög ánægð með þjóðina mína að hafa ákveðið að fjölmenna svona rækilega á kjörstað,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Hreyfingarinnar. Kjörsoðnin hafi verið mjög góð miðað við þjóðaratkvæðagreiðslur almennt í heiminum.



„Nei-ið var líka mjög afgerandi,“ segir hún, sem gefi okkur betri sanningsstöðu í Icesave-málinu. „Nú eru það ekki bara þingflokkar sem eru að fara fram á eitthvað heldur meirihluti þjóðarinnar. Það gefur okkur gríðarlega sterkt umboð.“

mönnum að gera með sér bandalag um að hafa einhvers konar þjóðstjórn sem kæmi sér saman um hver væru allra brýnustu málin sem við þurfum að taka á fyrir heimilin í landinu.“ Hefðbundið stjórnarmynstur geti ekki skilað nauðsynlegum árangri við þessar aðstæður, sama hver heldur um stjórnartaumana. -sh

Hún segist ekki kalla eftir kosningum í kjölfar atkvæðagreiðslunnar. „En það væri mjög snjallt hjá þeim sem eru á þingi og ráða-

SAUMA klúbburinn

Má bjóða þér í Saumaklúbbinn?

Fyrsti pakkinn á aðeins 845 krónur!

Skráðu þig á: klubbhusid.is eða í síma 528-2000

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

MILDIR DAGAR
Fram undan eru mildir dagar, skaplegur vindur og ágætlega hlýtt í veðri. Áfram verða suðlæggar áttir með tilheyrandi vætu sunnan- og vestanlands en norðaustan og austan til verður úrkumlitíð og bjart með köflum.

Á MORGUN 5-13 m/s Hvassast vestan til.

MÍÐVIKUDAGUR Víða 5-10 m/s, hvassara allra vestast

HEIMURINN

Alicante	13°
Basel	4°
Berlín	2°
Billund	4°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	1°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	21°
London	8°
Mallorca	11°
New York	11°
Orlando	23°
Ósló	2°
París	6°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



**SPARIÐ
1.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 4.990,-

3.990,-

FUN skrifborðsstóll
Finn skrifborðsstóll í herbergið.
Litur: Grár. Skrófuð stillanleg seta.



**SPARIÐ
2.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 7.990,-

5.990,-

BORIS skrifborðsstóll
Flottur skrifborðsstóll með stillanlegu baki og setu. Frábær stuðningur við bakið.
Litir: Rauður/svartur og blár/svartur.



**SPARIÐ
2.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 9.990,-

7.990,-

CHEF skrifborðsstóll
Góður stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stíglausa hæðarstillingu.
Hægt að rugga. Litur: Svartur.

**SPARIÐ
5.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 19.900,-

14.900,-

SANTA FE skrifborð
Stílhreint og flott skrifborð í háglans með krómfótum. Stærð: B120 x H75 x D62 sm.

PLUS B20 JUBILÆUM boxdýna
Afragðsgóð, miðlungsstíff dýna. Í efra lagi eru 250 pokagómar pr. m² og í neðra lagi eru 150 BONELL gormar pr. m². Með dýnunni fylgir bykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polyúretan svampi. Slitsterkt áklæði úr bomull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð án fóta. Verð á fótum: 4.995,-



VERÐ ÁÐUR: 49.950,-

34.950,-

VERÐ ÁN FÓTA

**SPARIÐ
15.000,-**



MAGNUS skrifborðsstóll
Skrifborðsstóll á krömfæti með stillanlegu baki og setu. Þverband í baki. Hægt að rugga. Litur: Svartur.

**SPARIÐ
2.910,-**

VERÐ ÁÐUR: 12.900,-

9.990,-

Fullar Búðir

Athugið! Tilboðin gilda 8. - 9. mars.



**SPARIÐ
10.000,-**

VERÐ ÁÐUR: 49.900,-

39.900,-

ROYAL OAK glerskápur
Glæsilegur glerskápur með tveimur skúffum úr gegnheilli olíborinni eik. Stærð: B55 x H190 D45 sm. Frábært verð á góðum skáp!



**SPARIÐ
1.000,-**

ST. 135X200 SM. ÁÐUR: 3.990,-

2.990,-

KRONBORG KILIMANJARO trefjasæng
Góð sæng fyllt með fingerðum holtrefjum. Í raun tvær sængur saumaðar saman á þann hátt að hitaæinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Sæng: 135 x 220 sm. 4.990,-
Sæng: 200 x 220 sm. 6.990,-



NÝTT!

1 PAR
695,-

THINSULATE vettlingar
Góðir fingurvettlingar með fallegu, klassísku myndri. Fáanlegir í 3 mismunandi litum á frábæru verði!



**RÚMLEGA
20%
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 12.950,-

9.995,-

CANADIAN PRIDE ferðatöskur
Frábærar ferðatöskur, 3 stk. saman á frábæru verði



**20%
AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 1.495,-

1.195,-

ENJA sængurverasett
Flott, ríndótt sængurverasett í gráum tönum. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.




**3
TÖSKUR
SAMAN Í
SETTI**

**GOTT
VERÐ!**

Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave



Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eftir kjördæmum



Lífrænt skiptir máli fyrir barnið þitt!



Engin erfðabreytt innihaldsefni
Ræktað án notkunar meindýraeitis



ALISTAIR DARLING Greina mátti mildari tón hjá fjármálaráðherra Breta í viðtali BBC en Íslendingar hafa fengið að kynna.

NORDICPHOTOS/AFP

Hefur ekki áhrif á framhald viðræðna

Bresk og hollensk stjórnvöld líta niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar sömu augum. Hún sé innanríkismál Íslendinga og hafi litla þýðingu fyrir áframhald samningaviðræðna um Icesave. Greina má sáttatón hjá fjármálaráðherra Breta.

Bresk og hollensk stjórnvöld líta á þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave sem innanríkismál á Íslandi sem litla þýðingu hafi fyrir framhald viðræðna um lausn Icesave-málsins.

Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, sagði í viðtali við breska ríkisútvarpið BBC í gær að hann efaðist ekki um að Íslendingar greiddu lán vegna Icesave til baka. Hins vegar væri ekki hægt að ætlast til þess að smáríki, sem væri á stærð við borgina Wolverhampton, greiddi skuld sem þessa til baka á stuttum tíma. „Við höfum reynt að vera sanngjarnir. Aðalatriðið er að fá fjármunina til baka. Hins vegar erum við tilbúnir að vera sveigjanlegir hvað varðar skilyrði og greiðsluskilmála.“ Hann ítrekaði að mörg ár myndu líða áður en að skuldin væri að fullu greidd en það væru ekki hagsmunir Breta að ganga of hart fram og að Ísland einangraðist á alþjóðavettvangi.

Jan Kees De Jager, fjármálaráðherra Hollands, lítur á niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem innanríkismál Íslendinga. Í tilkynningu frá De Jager sem birt var á heimasíðu hollenska fjármálaráðuneytisins í gær segir að

STEINGRÍMUR UM FRAMHALDIÐ

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að svo hafi verið búið um málið gagnvart viðsemjendum Íslands að viðræðurnar héldu áfram að þjóðaratkvæðagreiðslunni lokinni. „Okkur hefur orðið vel ágengt í því ef horft er til viðbragða að utan í dag (í gær). Ég hef fengið skilaboð og veit að hugur manna stendur til þess.

Þörfin til að klára þetta hefur ekki minnkað og ég held að það sé skýlaus krafa þjóðarinnar að gengið verði til þess verks án tafar. Það þarf vart að minna á öll þau efnahagslegu rök sem eru fyrir því að það verði gert.“

Það séu vonbrigði að samkomulag á milli þjóðanna hafi ekki náðst. Stjórnvöld í Hollandi hafi skýrt það út í bréfi til Steingríms J. Sigfússonar í vikunni að stjórnvöld þar í landi séu staðráðin í að finna lausn á deilunni í samræmi við alþjóðlegar venjur. Í tilkynningunni kemur fram skilningur á því að stjórnvöld á Íslandi þurfi tíma til að vinna úr niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Niels Redeker, talsmaður hol-

lenska fjármálaráðuneytisins, segir að frekari viðræður hafi ekki verið skipulagðar og það ekki verið rætt hvernig staðið verður að þeim í framhaldinu. Talsmaður breska fjármálaráðuneytisins sendi svipuð skilaboð til fjölmiðla í gær. Unnið yrði að því að ná samkomulagi við Íslendinga og niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar kæmi Bretum ekki við þar sem hún væri innanríkismál Íslendinga.

svavar@frettabladid.is

Sérhönnuð hárvörullína fyrir LJÓST HÁR



Lengir tímann sem liturinn endist í hárinu

TONI & GUY

HANNAÐ AF FAGFÓLKI - Á VERÐI FYRIR ÞIG

Oliver! ★★★★★ Mbl., GB



551 1200 / leikhusid.is

LEIKHÚSKORTIÐ
LEIÐ 25
NOTAÐU
LEIKHÚSKORTIÐ
Gildir leikárið 2009-2010

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


Forsætisráðherra gagnrýnir stjórnarandstöðuna hart fyrir málflutning hennar:

Sýna fólkinu vanvirðingu

„Stjórnarandstaðan hagar sínum málflutningi þannig að þjóðaratkvæðagreiðslan snúist um líf ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað fjarri lagi. Líf ríkisstjórnarinnar snýst um það hvort hún hafi þingstyrk til að takast á við öll þau stóru verkefni sem eru fram undan,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

Jóhanna segir að stjórnarandstaðan hafi notað málið til að koma höggi á ríkisstjórnina. Hún segir það vanvirðingu við þá sem fóru á kjörstað „og sögðu nei við þessum lögum sem enginn studdi og enginn talaði fyrir. Það er ábyrgðarhluti að ganga fram með þessum hætti og þjóðin þarf síst af öllu á stjórnarkreppu eða upplausn í stjórn málum að halda núna. Við erum að fá rannsóknarskýrsluna innan fárra daga og mikilvægt að það sé ekki gert í einhverri upplausn á Alþingi“.

Jóhanna telur mikilvægt að búið sé að ryðja brautina fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum almennt og það sé það jákvæða við atkvæðagreiðsluna nú. „Ég býst við að þjóðaratkvæðagreiðslur verði fyrir vikið algengari í framtíðinni og vonandi næst sam-



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Eins og alþjóð veit kaus forsætisráðherra að kjósa ekki í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Hér er hún með aðstoðarmanni sínum, Hrannari B. Arnarssyni.

staða um það á Alþingi að setja lög um þennan rétt fólks. Fólkið á að hafa þennan rétt en ekki bara forsetinn. Það má hugleiða að ef fólkið fær þennan rétt í lögum að forsetinn hefði hann þá ekki.“ - shá



www.vordur.is



Viðskiptavinir Varðar eru ánægðustu viðskiptavinir
Íslenskra tryggingafélaga*.

ÍSLENSKA SÍÐIS VOR 4/2012 02/10

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

Borgartúni 25 · 105 Reykjavík · Sími 514 1000



*Samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2009.

Opið hús!

9. og 11. mars kl. 13:30-16:30

Leiðsögn um skólann og opnar kennslustundir í :

- o almennu námi
- o byggingagreinum – húsasmíði – pípulögnum
- o hársnyrtið
- o listnámi – hönnun – útstillingum
- o málmíðnum – rennismíði – vélvirkjun
- o rafiðnum - rafvirkjun
- o tækniteiknun

Allir velkomnir!

9. og 10. bekkingar sérstaklega hvattir til þess að koma og kynna sér nám við skólann

Idnskólinn í Hafnarfirði Flatahrauni 12 220 Hafnarfjörður www.idnskolinn.is

Styrkir fyrir námsmenn

Námufélögum standa til boða veglegir námsstyrkir á framhalds- og háskólastigi árið 2010.

Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
- 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BE), 300.000 kr.
- 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
- 4 styrkir til listnáms, 350.000 kr.

Sæktu um námsstyrk Námunnar á landsbankinn.is.

Umsóknarfrestur er til 8. mars.

Hjörtur Jónasson,
Námufélagi
í háskóla

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000

 Landsbankinn

Formaður leikskólaráðs um afnám systkinaafslatts: Beðið eftir álit lögmanns

SKÓLAMÁL Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, segir ekki alls kostar rétt að leikskólaráð ætli að endurskoða ákvörðun sína um að afnema systkinaafslátt eins og fram kom í máli Oddnýjar Sturludóttur, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, í Fréttablaðinu á laugardag.

„Tillagan felur aðeins í sér að borgarlögmaður skoði jafnræðisregluna gagnvart því að hleypra systkinum barna fram fyrir eldri börn,“ segir Þorbjörg Helga. „Það er ekki fyrir en eftir að álit hans liggur fyrir sem hægt verður

taka afstöðu til endurskoðunar.“ Oddný sagði fulltrúa í leikskólaráði varla hafa fengið fleiri kvartanir frá foreldrum um einstakt mál en afnám systkinaafslatts. Þorbjörg Helga segir foreldra barna sem ekki áttu systkini í leikskólum sömuleiðis hafa verið mjög ósátt við að yngri börn kæmst fram fyrir þeirra börn áður en systkinaforangangur var afnuminn 2008. „Í raun snýst þetta um að forgangur fyrir fleiri þýðir lengri bið fyrir alla. Einfaldast er að miða við kennitölur nema ef um sérþarfir eða greiningar er að ræða.“ - ve



HELGI INGÓLFUR JÓNSSON Dómstjóri í Héraðsdómi Reykjavíkur segir að verið sé að ráða fimm nýja héraðsdómara auk þess sem aðstoðarmönnum hafi verið fjölgað til að anna miklum málafjölda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dómstjóri býst við fjölda riftunarmála

Von er á fjölda riftunarmála frá skiptastjórum þrotabúa. Sömuleiðis hundruðum mála frá kröfuhöfum gömlu bankanna. Dómstjóri segir hækkun þingfestingargjalda ekki ráða úrslitum um málshöfðun.

DÓMSMÁL Helgi Ingólfur Jónsson, dómstjóri í Héraðsdómi Reykjavíkur, segir að eftir metfjölda einkamála í fyrra þyngist enn róðurinn hjá dómstólum.

„Það má reikna með að nú fari að streyma inn mál út af kröfum í þrotabú bankanna. Þau geta skipt hundruðum,“ segir Helgi og vísar til þess að hátt í þrjátíu þúsund kröfur hafi borist í þrotabú stóru bankanna; Glitnis, Kaupþings og Landsbankans. Mörgum kröfum hafi slitastjórnir hafnað eða muni hafna. „Þá geta kröfuhafar borið það undir dómstóla og það má reikna með að þessum málum fari mjög fjölgandi á næstu mánuðum.“

Að sögn Helga eru þegar í gangi um þrjátíu mál kröfuhafa í Straumi-Burðarási auk alls konar mála vegna gjaldþrota stórra fyrirtækja. „Síðan má reikna með verulegum fjölda mála sem skiptastjórar höfðu til riftunar á ýmsum gerningum. Þá er sérstakur saksóknari búinn að boða fyrstu málin í vor þótt það verði ekki stærstu málin. Þau munu koma seinna og verða gríðarlega stór og flókin,“ segir Helgi.

Um síðustu áramót hækkðu þingfestingargjöld hjá dómstólum allverulega. Gjaldið var áður 3.900 krónur en varð eftir hækkun á bilinu 15.000 til 90.000 krónur eftir fjárhæð þeirrar kröfu sem stefndur gera. Ætlunin er sú að þeir peningar sem þannig fást til viðbótar renni til þess að auka við mannafla hjá dómstólunum. Helgi segir að auglýst hafi verið eftir fimm nýjum dómurum sem starfa eigi í Reykjavík, Hafnarfirði og Selfossi og að bætt hafi verið við aðstoðarmönnum. Lögmenn telja hins vegar að mikil hækkun þingfest-

Dómsmálagjöld skerða rétt fólks

„Við teljum þetta ganga gegn rétti fólks til að fá úrlausn sinna mála fyrir dómstólum og höfum bent stjórnvöldum á það,“ segir Ingimar Ingimarsson, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, um hækkun þingfestingargjalda og annarra dómsmálagjalda.

Ingimar segir eðlilegt að hækkun dómsmálagjalda um síðustu áramót fæli suma frá dómstólum. „Það kæmi mér alls ekki á óvart, tala nú ekki um í þessu árféði þegar fólk hefur minna umleikis. Sama á við um möguleika fólks á að fá gjafsókn en það hefur gengið verulega á þau réttindi síðustu ár, bæði með tekjuviðmiðunum og með því að takmarka gjafsóknarfjárhæð við tiltekna upphæð,“ segir hann.

ingargjalda fæli suma frá að leita til dómstóla.

„Ég hef heyrt að það sé umræða meðal lögmanna um það að þeir hiki við að leggja mál fyrir dómstóla,“ jatar Helgi. „Kröfuhafarnir verða alltaf að leggja út fyrir kostnaði þannig að það þarf að veita það og meta hvort mál séu til árangurs fallin; hvort að skuldarinn geti borgað. En það má benda á að fimmtán þúsund krónur ná ekki einum tíma á lögmennsstofu. Í hinu stóra samhengi myndi maður telja að þetta væri ekki sú fjárhæð að hún ætti að ráða úrslitum um það hvort menn leggi mál fyrir dómstóla.“

gar@frettabladid.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Fjármálafræðsla *fyrir* þig.



Næstu námskeið

Reykjavík — 10. mars
Fjármál heimilanna

Reykjavík — 11. mars
Lífeyrismál á mannamáli

Reykjavík — 17. mars
Greiðslur úr lífeyrissjóðum.
Hvað ber að hafa í huga?

Akureyri — 18. mars
Lífeyrismál á mannamáli

Kynntu þér röð námskeiða
á arionbanki.is

FJÁRmál eru fyrirlestraröð og fræðsluátak á vegum Arion banka. Tilgangurinn með FJÁRmálum er að koma til móts við þarfir viðskiptavina fyrir haldgóðar upplýsingar, fræðslu og örugga leiðsögn í nýju efnahagsumhverfi.

Komdu og njóttu góðra veitinga í bland við fróðleik sem kemur sér vel.

Allir velkomnir - Skráðu þig á arionbanki.is.
Ókeypis aðgangur.

Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma 444 7000.



Magni Bernhardtsson D.C.

hefur hafið störf á
Kírópraktorstofu
Egils Þorsteinssonar að
Laugarvegi 163 E.

Tímamantanir í síma 553-4400

www.kiropraktik.is



Ertu með vefjagigt?

Haldið verður 3ja kvölda fræðslunámskeið fyrir fólk með vefjagigt miðvikudagana 10., 17. og 24. mars í húsnæði félagsins að Ármúla 5, Reykjavík, á 2 hæð, sjá www.gigt.is.

Upplýsingar og skráning er á skrifstofu félagsins í síma 530-3600.

Gigtarfélag Íslands



sumarferdir.is

☆ ... þegar fríð þitt skiptir máli.



SUMAR FERÐIR

ftr.

Framboð í trúnaðarstöður

Í samræmi við 32. gr. laga Félags tækniólks í rafiðnaði auglýsir félagið hér framboðsfrest til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til mánudagsins 12. apríl kl. 12 á hádegis.

Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið skili inn framboðum til Kjörstjórnar FTR, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík

Reykjavík 1. mars 2010

Stjórn FTR

ftr.is

Á fjórða tug manna féll í hryðjuverkaárásum í Írak í gær:

Mannfall á kosningadegi

ÍRAK Að minnsta kosti 35 manns létu lífið í hryðjuverkaárásum í Írak í gær, en þá var kosið til þings í landinu í annað sinn frá innrásinni í landið árið 2003.

Sprengju-, handsprengju- og flugskeytaárásir voru gerðar í höfuðborginni Bagdad og fleiri borgum, þar á meðal Mosul, Falluja, Baquba og Samarra. Alls féllu 25 manns í einni árás þegar íbúðahús í norðurhluta Bagdad var sprengt snemma dags.

Al-Kaída-samtökin höfðu hótad hryðjuverkaárásum í aðdraganda kosninganna. Tengd samtök



SPRENGING Alls létust 25 manns þegar íbúðahús var sprengt upp í norðurhluta Bagdad, í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

dreifðu meðal annars bæklingum í Bagdad þar sem væntanlegir kjósendur voru varaðir við því að

fara á kjörstað. Forsætisráðherra Íraks, Nouri-al Maliki, hvatti kjósendur hins vegar til að nýta sér atkvæðisréttinn.

Á fréttavef BBC kemur fram að kosningabátttaka hafi verið góð þrátt fyrir árásirnar. Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann hrósaði Írökum fyrir að láta ekki hættuna á hryðjuverkum aftra sér frá því að nýta kosningarétt sinn. Um 6.200 frambjóðendur frá 86 stjórnmálaflokkum börðust um 325 þingsæti í kosningunum.

- kg



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Til að umdeild stækkun álversins geti orðið að veruleika þarf að leggja talsvert land til viðbótar undir verksmiðjuna og færa Reykjanesbrautina á kafla.

Bæjaryfirvöld styðji álver í íbúakosningu

Forstjóri Alcan á Íslandi óttast áhrif þess að Hafnfirðingar synji aftur álverinu í Straumsvík um stækkun í íbúakosningu og vill stuðning bæjaryfirvalda. Bæjarstjórnin segir ekkert ákveðið með yfirlýsingar af eða á. Ýmis svör vanti.

SVEITARSTJÓRNIR Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, vill að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði styðji við áform fyrirtækisins ef aftur verður efnt til íbúakosningar um stækkun álversins í Straumsvík.

„Sem forstjóri álversins hlýt ég að lýsa áhyggjum af því hvaða áhrif önnur synjun í íbúakosningu gæti haft á áhuga eigenda fyrirtækisins fyrir því að fjárfesta frekar á Íslandi. Stuðningur bæjaryfirvalda myndi draga verulega úr þeim áhyggjum,“ segir Rannveig í svarbréfi til Bjarka Jóhannessonar, sviðsstjóra skipulagssviðs í Hafnarfirði.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir aðspurður að sér sé ekki ljóst hvort Alcan sé að biðja bæjaryfirvöld um stuðning í aðdraganda íbúakosningarinnar. „Við höfum litið svo á að það væri ósk íbúanna að þeir ættu að kjósa



RANNEIG RIST

í þessu máli. Það hefur ekkert verið rætt að bæjaryfirvöld séu að gefa út einhverjar yfirlýsingar af eða á í þessu máli,“ segir bæjarstjórnin.

Hafnfirðingar synjuðu naumlega í íbúakosningu 2007 deiliskipulagi sem gert hefði Alcan kleift að stækka álverið í Straumsvík í 460 þúsund tonn. Nokkuð er síðan tilskilinn fjöldi undirskrifa náðist til að láta bæinn endurtaka kosninguna. Bæjaryfirvöld og Alcan hafa átt í viðræðum um forsendur hennar.

Í áður nefndu bréfi segir Rannveig Rist að ótímabært sé að svara ýmsum spurningum sem bæjaryfirvöld hafa sett fram. Meðal

annars eigi fyrirtækið ekki lengur forgang að orku sem það hafi áður verið búið að tryggja sér.

Lúðvík segir það hafa verið mat bæjarráðs að bréf Rannveigar svaraði ekki með nægjanlega skýrum hætti þeim fyrirspurnum sem beint hafi verið til álversins og því hafi hann komið því til skila.

„Þetta snýst meðal annars um hvort menn vilji fara fram með það skipulag sem er uppi eða hvort þeir telji ástæðu til að gera þar einhverjar breytingar á og hver sé hugur þeirra til að taka málið fyrir í kosningu núna því það er ekki hægt að fara fram með kosningar sem snúa að þriðja aðila nema í samráði við hann. Svörin í þeim efnum eru ekki nógu afdráttarlaus eins og málið hefur legið fyrir. Fyrsta skrefið er að það liggi ljóst fyrir um hvað á að kjósa ef það á að kjósa um málið aftur,“ segir Lúðvík Geirsson. gar@frettabladid.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMÍÐJA

Signý Kolbeinsdóttir hönnuður

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



20 mismunandi bækur sem dæma þarf af kápunni.



Oddi - umhverfsvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.odd.is





ARÞEISNINGASTÉTTAN PÁSSVEIÐ/ LÖSK. KO. / MÖRKIN IS

Þökkum frábærar viðtökur



Eikarinnréttingar eru í eldhúsi með góðu skáparými



Parket er fljótandi eikarparket, eins stafa.



Baðinnréttingar eru úr eik með vonduðum tækjum.

Félag í eigu dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar, festi nýverið kaup á Mörkinni, 78 íbúðum að Suðurlandsbraut 58-62. Þar verður boðið upp á fyrsta flokks íbúðir fyrir fólk frá sextugu.

Strax frá fyrsta degi hafa viðtökurnar verið frábærar.

Um þriðjung íbúðanna er þegar búið að taka frá eða festa með bindandi hætti, og er gert ráð fyrir að fyrstu íbúarnir geti flutt inn um miðjan apríl. Íbúðirnar eru misstórar eða allt frá 80 fermetrum og upp í um 140 fermetrar og afhendast fullbúnar með glæsilegum innréttingum og gólfefnum. Bílageymsla er undir öllum húsunum með góðri lýsingu, lofthæð og loftræstingu.

Verði hefur verið stillt í hof til að gera sem flestum kleyft að geta búið í þessum nýju og fallegu íbúðum en þær eru seldar með íbúðarrétti. Í því felst að kaupendur greiða 30% kaupverðs í upphafi og síðan mánaðarlega leigu.

Við hvetjum áhugasama til að hafa samband og panta skoðun, því sjón er sögu ríkari.

Nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 530-6100 til klukkan 15 alla virka daga. Utan þess tíma er hægt að fá frekari upplýsingar í síma 897-8080 og 618-9200 eða með því að senda póst á netfangið morkin@morkin.is.

www.morkin.is

Íbúðir fyrir 60 ára og eldri

78 íbúðir, ýmsar stærðir



MÖRKIN

Vandi ríkisstjórnarinnar blasti við þótt ekki hefði komið til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þrír kostir

ÓLAFUR P. STEPHENSEN SKRIFAR

Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave-lögin á laugardag koma ekki á óvart. Miðað við að í raun var kosturinn já ekki lengur í boði og betri niðurstaða var í boði en sú, sem Alþingi samþykkti í desember, blasti við að langflestir hlytu að segja nei.

Menn verða að forðast að oftúlka niðurstöðuna, bæði hér heima og erlendis. Hún þýðir ekki að Ísland ætli ekki að standa undir innstæðutryggingunum vegna Icesave-reikninganna. Hún þýðir eingöngu að Ísland sættir sig ekki við kjörin og um þau þarf að ná nýju samkomulagi við Bretland og Holland, eins og reynt hefur verið á undanförunum vikum.

Það er hins vegar fráleitt af forystumönnum ríkisstjórnarinnar að gera lítið úr kjörsókninni í atkvæðagreiðslunni og gefa í skyn að hún þýði að almenningur hafi lítinn áhuga á málinu. Þvert á móti var kjörsóknin ágæt, bæði miðað við þjóðaratkvæðagreiðslur í öðrum löndum og miðað við þær atkvæðagreiðslur, sem fóru fram hér á landi á fyrri hluta síðustu aldar. Það sýnir að þjóðin lætur sig Icesave-málið miklu skipta.

Margir höfðu á orði í gær að niðurstaðan væri áfall fyrir ríkisstjórnina og hún væri rúin trausti. Erfiðleikar ríkisstjórnarinnar blöstu við fyrir löngu og þurfti ekki atkvæðagreiðsluna til að sýna fram á þá. Stjórnin getur ekki komið sér saman um ýmis mikilvægustu málin í endurreisninni. Stóriðjumál, önnur atvinnuuppbygging á vegum einkaframtaksins og Evrópumálin eru þar efst á baugi, fyrir utan Icesave-málið sjálft, sem hefur reynzt stjórninni þungt í skauti.

Þrátt fyrir getuleysi ríkisstjórnarinnar á mörgum sviðum nýtur hún enn stuðnings um helming kjósenda, samkvæmt könnunum. Það bendir til að stjórnarandstaðan hafi enn ekki náð vopnum sínum þrátt fyrir vandræðaganginn á stjórnarheimilinu. Innan stjórnarandstöðunnar er heldur ekki samstaða um kröfu um að boða til kosninga, eins og kemur fram í umfjöllun Fréttablaðsins í dag. Forysta Sjálfstæðisflokksins, sem nú er stærsti flokkurinn samkvæmt könnunum, vill sennilega fá ráðrúm til að bregðast við niðurstöðum rannsóknarskýrslu Alþingis áður en flokkurinn telur sig tilbúinn í kosningaslag.

Ríkisstjórnin á þrjá kosti í stöðunni. Hún getur í fyrsta lagi byrjað að haga sér eins og starfhæf ríkisstjórn og komið í gegn málum, sem órólega deildin innan Vinstri grænna hefur til þessa haldið í gíslingu.

Hún á líka þann kost að gefast upp á verkefninu og boða til kosninga, en óvíst er að þær breyti valdahlutföllum flokkanna nógu mikið til að nýr, starfhæfur stjórnarmeirihluti verði til.

Þriðji kosturinn er að ríkisstjórnin bjóði stjórnarandstöðunni upp á samstarf um lausn á ýmsum brýnum hagsmunamálum þjóðarinnar.

Góð byrjun væri að klára Icesave-málið sem allra fyrst og láta ekki samstöðuna breyta sem tekizt hefur með flokkunum undanfarnar vikur. Allur dráttur á lausn í málinu hefur gífurlegan kostnað í för með sér fyrir land og þjóð. Flokkarnir þurfa allir að sýna þá ábyrgð sem þarf til að koma því farsælliga í höfn. Þá verða önnur mál vonandi líka auðveldari viðfangs.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ryksugudagar í mars

Allar ryksugur á frábæru tilboðsverði.

20% afsláttur af aukahlutum

Verslanir

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

FRÁ DEGI TIL DAGS

Forsetinn hylltur

Það hefur eflaust ekki farið fram hjá neinum að potturinn og pannan í þjóðaratkvæðagreiðslunni um helgina var forseti Íslands. Á kjördag skýrði hann frá því hvernig erlendir blaðamenn féllu í stafi eftir að hann tók upp vasareikninn og umreiknaði Icesave-skuldina úr krónum í pund. Þá vafðist ekki fyrir honum hvert mikilvægi „ákvörðunar minnar“ væri. Þar flugu á loft orð á borð við „lýðræðisháttur... lengra verður ekki komist í lýðræðisþróuninni... aðrar þjóðir spyrja hvernig þær geta orðið eins og við...“ Hér gildir

hið fornkefna: Ef enginn hrósar manni er best að gera það sjálfur.

Sammála

Forystumenn stjórnmálaflokkanna á þingi hittust í Silfri Egils í gær. Allir voru þeir sammála um hversu brýnt og mikilvægt væri að hætta öllu arga-þrasi, snúa böku saman og vinna sig sameiginlega upp úr vandanum. Enginn var þó sammála um hvernig væri best að fara að því og var þrasað talsvert um það.



Uppurið traust ekki nóg

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í Silfrinu í gær að ríkisstjórnin væri rúin trausti og að hann treysti henni ekki til þeirra mikilvægu verka sem þyrfti að ráðast í til að endurreisa efnahagslífið. Samt vildi hann ekki að ríkisstjórnin segði af sér. Þetta er undarleg afstaða að ríkisstjórn sem maður treystir ekki eigi ekki að segja af sér, sérstaklega hjá formanni stjórnarandstöðuflokks. Hvað þyrfti að ganga á hjá ríkisstjórninni til að Bjarna þætti ástæða til að hún segði af sér?

bergsteinn@frettabladid.is

Takk fyrir mig

Í dag langar mig að þakka fyrir það að ég hef kosningarétt. Mig langar að þakka fyrir það að hafa fengið að mennta mig í háskóla. Ég vil þakka konunum sem á undan komu fyrir alla þeirra vinnu sem hefur skilað árangri fyrir mig og kynsystur mínar. Takk fyrir réttinn til að stunda launaða vinnu og eiga mínar eigin eignir. Takk fyrir frelsið til að velja.



STEINUNN GYÐU- OG GUÐJÓNSDÓTTIR Í DAG | Alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Hetjurnar sem á undan komu

Í dag er alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Hann er haldinn hátiðlegur um allan heim til að minnst þess árangurs sem hefur náðst í því að jafna rétt kvenna og karla en ekki síður til að minna á hvað á eftir að gera. Konurnar sem á undan mér komu og gerðu að veruleika þau mannréttindi og lífsgæði sem mér þykja sjálfsögð þurftu að leggja mikið á sig. Konur þurftu að berjast fyrir þeim með blóði, svita og tárur. Olympe de Gouges sem skrifaði yfirlýsingu um réttindi kvenna á tímum frönsku byltingarinnar var síðar líflátin. Bandarískar kvenfrelsiskonur í upphafi 20. aldarinnar voru fangelsaðar og fóru í hungurverkföll fyrir málstað sinn; það að konur fengju að kjósa. Íslenskar kvenréttindakonur þurftu að þola það að vera álitnar nornir, óhæfar mæður og haldnar einhverju óeðli þegar þær settu fram kröfur sínar um jafnrétti til náms og kjörgengis.

Dauðans alvara

Það að konur hætti lífi sínu fyrir málstaðinn er ekki eitthvað sem heyrir sögunni til. Í sumar hitti ég yfirkonu UNIFEM í Afganistan sem sagði mér að starfsfólkið hennar væri í stöðugri hættu.

Þetta eru raunverulegar aðstæður kvenna víða um heim. Konur leggja þetta á sig vegna þess að baráttan er upp á líf og dauða. Ein af hverjum þremur konum verður fyrir ofbeldi á lífsleiðinni og kynbundið ofbeldi dregur jafnmargar konur til dauða og krabbamein ár hvert. Ofbeldi gegn konum er mun algengari ástæða fyrir heilsuþrengingum en umferðarslys og malaría til samans. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna hefur lýst ofbeldi gegn konum sem faraldri sem þurfi að stöðva. Hann segir að þetta sé eitthvert útbreiddasta og algengasta mannréttindabrot í heimi. Á kvennaþingi Sameinuðu þjóðanna í síðustu viku sagði hann meðal annars að vinnu að friði, öryggi og sjálfbærri þróun í heiminum sé stefnt í voða ef ekki er sérstaklega unnið að því að frelsa konur og stúlkur undan misrétti og fátækt.

Víkivaki jafnréttisins

